


Nefndarsvið Alþingis

11.3.2014

Varðar: Umsögn um þingmáli 216 á 143. Löggjafarþingi: Tillögu til þingsályktunar um áhættumat vegna ferðamennsku

Þingsályktunartillagan er mikilvægt skref í að auka öryggi ferðamanna á Íslandi og henni ber að fagna. Með vinnunni er mikilvægt er að skapa grunn að auknu öryggi ferðamanna, og að hún nýtist bæði fyrir ferðapjónustuna og ferðamannastaði.

Huga þarf að réttri hugtakanotkun innan áhættufræðinnar. Áhættumat er samkvæmt skilgreiningu: Kennsl, greining og virðismat áhættu og tekur tillit til ákveðins tímapunktur, þegar viðkomandi greining er gerð. Áhætta á ferðamannastöðum og í ferðum er hins vegar síbreytileg vegna ýmissa innri og ytri þátta. Til að ná utan um síbreytilega áhættu þarf að vera til áhættustjórnunarkerfi, sem tekur til heildar ferilsins og skilgreint er í myndinni hér að neðan. Kerfið þarf að halda utan um áhættumat, áhættumeðferð (meðhöndlun áhættu) sem og vöktun og rýni áhættunnar. Einnig þurfa að vera til staðar skilgreindar samskiptaleiðir, samráð og upplýsingagjöf þ.a. upplýsingum um að áhættu sé komið á framfæri.



Ferli áhættustjórnunar skv. ISO 31000:2009 Risk Management – Principles and Guidelines

Ekki er raunhæft að ætla Ríkislögreglustjóra að vinna áhættumat fyrir alla staði landsins, þar sem ferðamönnum er hætta búin. Til þess eru slíkir staðir of margir. Raunhæft er hins vegar að deildin vinni ramma um áhættustjórnun, sem tekur mið af íslenskum aðstæðum og gagnast aðilum sem hafa umsjón með ferðamannastöðum. Viðkomandi aðilar myndu sjá um að vinna áhættumat fyrir sína staði. Þannig myndu fjármunir nýtast betur og stuðlað væri að stjórnun áhættu á mun fleiri stöðum en annars væri mögulegt. Til viðbótar væri hægt að vinna áhættumat fyrir ákveðna lykil staði og veita leiðbeiningu um gerð slíks áhættumats. Hægt væri að leggja til leiðbeinandi flokkun áhættu og lágmarks meðhöndlun áhættu í efsta áhættuflokki.

Ferðamálastofa hefur nýlega gefið út uppfærða útgáfu af ritinu *Öryggisáætlanir í ferðaþjónstu*, sem er hluti af Vaknum (öryggis- gæða og umhverfiskerfi fyrir ferðaþjónustufyrirtæki). Þar er skilgreint áhættustjórnunarkerfi fyrir ferðaþjónustufyrirtæki, en ekkert sambærilegt kerfi er til fyrir ferðamannastaði. Eðlilegt er að horfa til áhættustjórnunarkerfis Vakans, t.d. með að því að víkka það út til að ná yfir ferðamannastaði einnig, þ.a. um einsleitt kerfi verði að ræða.

Að flokka ferðamannastaði og útbúa sér reglur um efsta flokk áhættu þeirra svæða getur verið nauðsynleg til að auka öryggi í ferðamennsku, en er örugglega ekki eina aðgerðin. Því er lagt til að í þingsályktunartillögunni verði orðalagi breytt og almennt hugað að því hvaða reglur eru nauðsynlegar til að auka öryggi í ferðamennsku.

Tillaga að breytingu að orðalagi þingsályktunartillögunnar:

Alþingi ályktar að fela innanríkisráðherra að koma því til leiðar að ríkislögreglustjóri vinni áhættustjórnunarkerfi, fyrir ferðamennsku á Íslandi. Kerfið verði grunnur fyrir ferðaþjónustuaðila og ferðamannastaði og leiði til samræmingar á landsvísi.

Kerfið verði unnið eftir atvikum í samstarfi við Ferðamálastofu, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Umhverfisstofnun og aðra aðila á vettvangi ferðamála, öryggis- og björgunarmála og náttúruverndar. Í framhaldi af því verði kannað og metið hvaða reglur eru nauðsynlegar til að auka öryggi vegna ferðamennsku.

Virðingafyllst



Böðvar Tomasson, fagstjóri Bruna- og Öryggisviðs EFLU verkfræðistofu